

Til skólanefndar.

Fyrirspurn um mælingar á læsi í Flataskóla

Í Flataskóla er unnið eftir Lestrarstefnu skólans sem var endurunnin veturinn 2013-2014. Í lestrarstefnu koma fram matstæki og viðmið fyrir hvern árgang.

Mælingar:

Matstækið „Leið til læsis“ er notað í 1. til 4. bekk. Í 1. bekk er skimunarpróf lagt fyrir nemendahópinn í byrjun október. Í yngra stigi eru lögð fyrir eftirfylgniþróf sem mæla sjónrænan orðaforða og lesfimi. Á miðstigi eru lögð fyrir raddlestrarpróf sem skólinn hefur notað lengi notuð til þess að mæla leshraða.

Til þess að mæla lesskilning er Orðarún notað sem er staðlað próf fyrir nemendur í 3. – 7. bekk. LH60 og LH40, hópróf er lagt fyrir nemendur í 3. og 4. bekk. Prófið er notað til þess að finna nemendur í vanda með lesskilning og leshraða.

Til þess að mæla stafsetningu eru notuð stafsetningarpróf frá Svanhildi Kr. Sverrisdóttur sem hún útbjó fyrir grunnskóla Garðabæjar 2007. Auk þess eru notuð stafsetningarpróf í yngri bekkjum frá Rannveigu Lund.

Niðurstöður samræmdra prófa hjá einstökum árgöngum eru einnig hafðar til hliðsjónar.

Viðmið:

Í 1. til 4. bekk eru viðmið um lesfimi í orðum á mínútu. Í 5. til 7. bekk er ennþá verið að nota atkvæði og þar hefur skólinn notað viðmið Rósu Eggertsdóttur. Næsta vetur gerum við ráð fyrir að 5. bekkur noti viðmið um orð á mínútu. Í „Leið til læsis“ er von á raddlestrarprófum fyrir 5. til 7. bekk sem þá verða notuð við það mat.

Hér má sjá viðmið skólans um lesfimi að vori.

1. bekkur 40 orð á mínútu (raðeinkunn 40 eða meira)
2. bekkur 70 orð á mínútu (raðeinkunn 58 eða meira) með 96-100% lestrarnákvæmni
3. bekkur 105 orð á mínútu (raðeinkunn 63 eða meira) með 97-100% lestrarnákvæmni
4. bekkur 125 orð á mínútu með 98-100% lestrarnákvæmni.
5. bekkur 135 orð (220 atkvæði) á mínútu með 98-100% lestrarnákvæmni.
6. bekkur 140 orð (245 atkvæði) á mínútu með 98-100% lestrarnákvæmni.
7. bekkur 160 orð (280 atkvæði) á mínútu með 98-100% lestrarnákvæmni.

Í staðlaða prófinu Orðarún fylgja viðmið fyrir hvert próf og eru þau notuð í Flataskóla. Lesskilningur mælist mjög slakur, slakur, meðal og góður. Viðmiðin eru almennt að sem flestir geti svarað 15 spurningum af 20 rétt.

Upplýsingar frá leikskóla:

Niðurstöður prófa úr leikskóla eru hafðar til hliðsjónar við skipulagningu lestrarkennslu. Kennarar fara yfir niðurstöður Hljóm-2 með talmeinafræðingi og deildarstjóra skólans. Auk þess eru upplýsingar úr málproskaprófum og skimunarprófi nýttar við skipulag lestrarkennslu. Nemendum er skipt í hópa eftir færni.

Unnið er eftir formerkjum snemmtækrar íhlutunar í **1. bekk** og niðurstöður Hljóm-2 og „Leið til læsis“ lesskimunar nýttar til þess að finna nemendur sem eru í vanda. Unnið er sérstaklega með börn sem lenda í áhættu 1 og áhættu 2 á „Leið til læsis“ lesskimunarprófi og börn sem ekki ná að fylgja með í stafainnlögn bekkjarins og skilja tengsl stafs og hljóðs.

Unnið er sérstaklega með börn hjá sérkennara/kennara sem:

	Lesi minna en	Lestrarnákvæmni minni en	Skrifa rétt á stafsetningarpróf	Raðeinkunn	Sam.pr.
2.b.	20-30 orð á mín.	90%	50%	18 eða minna	
3.b.	40-50 orð á mín.	90%	50%	18 eða minna	
4.b.	65 orð orð á mín.	94%	50%	25 eða minna	Undir 25 í raðeinkunn
5.b.	65 orð (115 atkv.)	94%	50%		
6.b.	65 orð (115 atkv.).	94%	50%		
7.b.	65 orð (115 atkv.).	94%	50%		Undir 25 í raðeinkunn

Hvenær hefst markviss sérkennsla í lestri

Í 1.bekk er vel fylgst með því hvernig nemendum gengur að fylgja stafainnlögn og læra stafina, svo og að skilja tengsl stafs og hljóðs. Með því að skipta nemendum í færnimiðaða hópa í lestrarkennslunni er komið til móts við þá nemendur sem ekki ná þessum þáttum. Í 2. bekk hefst svo markviss sérkennsla í lestri.

Fá foreldrar fræðslu stuðning/námskeið

Foreldrar nemenda sem þurfa stuðning í lestri eru boðaðir á fund með bekkjarkennara og sérkennara þar sem farið er yfir stöðuna og foreldrum veittur stuðningur og leiðsögn. Ekki er boðið upp á námskeið fyrir foreldra barna sem eru að hefja lestrarnám.

Virðingarfyllt,
Helga Melsteð,

Deildarstjóri sérkennslu, Flataskóla.